

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993 VEGNA LAGNINGAR GARÐSKAGAVEGAR

NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar lagningu Garðskagavegar, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdaraðili: Vegagerðin.

Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu: Garðskagavegur.

Annarsvegar er kynntur *Garðskagavegur milli hringtorga*, sem mun liggja milli Reykjanesbrautar og núverandi vegar til Garðs með tveimur hringtorgum, við Rósaselsvötn og Mánagrund. Tengingar verða frá hringtorgunum að núverandi Reykjanesbraut, Garðskagavegi til Garðs og Víknavegi til Keflavíkur. Ennfremur verða gerð undirgöng fyrir umferð hesta og gangandi undir *Garðskagaveg milli hringtorga*. Alls er *Garðskagavegur milli hringtorga* um 3,7 km.

Hinsvegar er kynntur *Garðskagavegur-Sandgerði*, vegur frá hringtorgi við Rósaselsvötn að Víknavegi til Sandgerðis ásamt nýjum gatnamótum við Víknaveg. Alls er *Garðskagavegur-Sandgerði* um 3,0 km.

Aflagðir vegir, alls um 2,7 km, verða fjarlægðir og sáð í aflögð vegstæði.

Markmið framkvæmdar: Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi á svæðinu. Með þessum nýju vegum mun umferð frá/til höfuðborgarsvæðisins að/frá Garði og Sandgerði færast út úr Keflavík og Njarðvík.

Frumathugun: Framkvæmdin var tilkynnt til embættis skipulagsstjóra ríkisins af verkfræðistofunni Hönnun hf. þann 30. maí 1995 og frummatsskýrsla lögð fram. Framkvæmdin var formlega móttækin af embætti skipulagsstjóra ríkisins með bréfi til verkfræðistofunnar Hönnunar hf. þann 30. maí 1995. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 9. júní 1995 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og þann 8. júní 1995 í Víkurfréttum. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 9. júní til 17. júlí 1995 hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, Reykjavík og á skrifstofum Gerðahrepps, Sandgerðisbæjar og sameinaðs sveitarfélags Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna. Ein athugasemd barst á kynningartíma. Leitað var umsagnar sjö opinberra umsagnaraðila: Sveitarstjórnar Gerðahrepps, bæjarstjórnar Keflavíkur-Njarðvíkur-Hafna, bæjarstjórnar Sandgerðis, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs, Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Þjóðminjasafns Íslands.

Gögn lögð fram við frumathugun:

Frummatsskýrsla: Garðskagavegur. Mat á umhverfisáhrifum. Frumathugun.
Hönnun hf., verkfræðistofa, maí 1995.

2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **sveitarstjórnar Gerðahrepps** með bréfi dagsettu 1. júní 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 21. júní 1995. Þar koma fram eftirfarandi athugasemdir:

„Bls. 6, lið 1.3- Þar segir að Gerðahreppur hafi ekki skipulagt það land sem vegirnir fari um. Hreppsnefnd bendir á að gerður hefur verið uppdráttur af landnýtingu landsins, samanber samþ. sveitarstjórnar frá 7. júní sl. Þessi uppdráttur verður væntanlega lagður til grundvallar frekara skipulagi síðar.

Bls. 11, lið 2.3.1.- Aftur er haldið fram að ekki liggi fyrir samþ. skipulag fyrir land Gerðahrepps, sem ekki er rétt, sjá svarið fyrir ofan.

Í annari málsgrein lið 2.3.1. er gert ráð fyrir tveimur tengingum inn á Garðskagaveg milli hringtorga, einni vestan frá og hinni austan frá. Samkvæmt samþ. skipulagi frá 7. júní sl. gerir sveitarstjórn Gerðahrepps ekki ráð fyrir neinum tengingum á umræddan veg og við það skal standa. Samkvæmt fylgiskjali 15 frá K.N.H. sýnist hreppsnefnd að verið sé að festa í sessi tengingu austan frá inn á veginn milli torga. Þessu mótmælir sveitarstjórn Gerðahrepps ef samþ. frá 7. júní sl. á að halda.”

Umsögnin var send Hönnun hf. með símbréfi dagsettu 23. júní 1995.

Leitað var umsagnar **bæjarstjórnar Keflavíkur-Njarðvíkur-Hafna** með bréfi dagsettu 1. júní 1995, ítrekað 24. júlí 1995, og barst umsögn með bréfi dagsettu 31. júlí 1995. Þar segir:

„Bæjarráð, skipulags- og tækninefnd svo og umhverfisnefnd Keflavíkur-Njarðvíkur-Hafna hafa fjallað um erindi yðar er varðar mat á umhverfisáhrifum lagningar Garðskagavegar, sbr. ítrekun yðar frá 24/07'95.

Aðilar eru sammála um að matið er vel úr garði gert og engar athugasemdir eru fram færðar af hálfu bæjaryfirvalda.”

Umsögnin var send Hönnun hf. með símbréfi dagsettu 3. ágúst 1995.

Leitað var umsagnar **bæjarstjórnar Sandgerðis** með bréfi dagsettu 1. júní 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 8. júní 1995. Þar segir:

„Bæjarstjórn Sandgerðis mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem fram koma í frummati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs Garðskagavegar að verkinu sé skipt upp í tvo áfanga. Bæjarstjórn minnir á samkomulag í samvinnunefnd sveitarfélaganna og að samþykki þingmanna Reykjaneskjördæmis liggur fyrir um að báðir vegirnir verði boðnir út og unnir samtímis.”

Umsögnin var send Hönnun hf. með símbréfi dagsettu 12. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi dagsettu 1. júní 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 22. júní 1995. Þar segir meðal annars:

„Á grundvelli skýrslunnar telur Hollustuvernd ríkisins líklegt að framkvæmdin sé þess eðlis að umhverfinu eigi ekki að stafa hætta af loftmengun, vatnsmengun, hávaðamengun eða mengun frá úrgangi vegna hennar ef gætt er ákvæða mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum.”

„Hollustuvernd gerir ekki athugasemdir við skýrsluna eða framkvæmdina.”

Umsögnin var send Hönnun hf. með símbréfi dagsettu 26. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Náttúruverndarráðs** með bréfi dagsettu 1. júní 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 22. júní 1995. Þar segir:

„Ekki er talið að fyrirhuguð vegagerð muni raska merkjum náttúruminjum.

Náttúruverndarráð samþykkti á fundi sínum þann 9. júní sl. að gera ekki athugasemdir við veglínuna.”

Umsögnin var send Hönnun hf. með símbréfi dagsettu 22. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins** með bréfi dagsettu 1. júní 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 29. júní 1995. Þar segir:

„Í ljósi álits Skipulags-, bygginga- og umhverfisnefndar varnarsvæða, dags. 16. júní sl. mun varnarmálaskrifstofa ekki gera athugasemdir við niðurstöðu matsins.”

Umsögnin var send Hönnun hf. með símbréfi dagsettu 30. júní 1995.

Leitað var umsagnar **Þjóðminjasafns Íslands** með bréfi dagsettu 1. júní 1995 og barst umsögn með bréfi dagsettu 21. júní 1995. Þar segir:

„Þjóðminjasafn Íslands hefur engar frekari athugasemdir við framkvæmd þessa, sbr. lið 2.3.12. og fylgiskjal 10 í matsskýrslunni.”

Í bréfi Þjóðminjasafns Íslands til Hönnunar hf. (fylgiskjal 10 í matsskýrslu), dagsettu 31. mars 1995, segir:

„Engar skráðar fornleifar, né friðlýstar, er að finna á svæði því sem fara á undir fyrirhugaðan veg. Af kortum þeim sem send voru okkur er ekki hægt að sjá að fornleifar séu í hættu vegna framkvæmdanna.

Þjóðminjasafn Íslands hefur því engar athugasemdir við framkvæmdir þessar, en minnir á þjóðminjalög um skyldur framkvæmdaraðila ef fornleifar ættu eftir að finnast við framkvæmdirnar.”

Umsögnin var send Hönnun hf. með símbréfi dagsettu 22. júní 1995.

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

3. ATHUGASEMDIR

Ein athugasemd barst á kynningartímanum, frá **Samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur/Njarðvíkur/Hafna, Sandgerðis, Gerðahrepps og Keflavíkurflugvallar**, dagsett 10. júlí 1995. Þar segir:

„Samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur/Njarðvíkur/Hafna, Sandgerðis, Gerðahrepps og Keflavíkurflugvallar sem vinnur að gerð svæðisskipulags þessara sveitarfélaga samþykkti á fundi sínum 3. júlí 1995 að ítreka ósk sína frá 20. desember 1994 við Vegagerðina um að fjármagn verði tryggt til að fyrirhuguð heildarvegaframkvæmd geti verið unnin samtímis. Hér er átt við að verkinu verði ekki skipt í tvo áfanga eins og fram kemur í frumathugun vegna mats á umhverfisáhrifum Garðskagavegar.”

Umsögnin var send Hönnun hf. með símbrefi dagsettu 25. júlí 1995.

Athugasemd liggur frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

4. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

Lega fyrirhugaðs Garðskagavegar

Svæðið sem fyrirhugaður Garðskagavegur fer um er ekki friðað eða á Náttúruuminjaskrá, né er þar að finna friðlýstar plöntu- eða dýrategundir svo vitað sé. Í frummatsskýrslu kemur fram að veglína hafi verið færð frá Rósaselsvötnum, í um 100 metra frá tjörnunum, að ósk eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs vegna sérstöðu tjarnanna og fuglalífs á þeim. Í svæðisskipulagi Suðurnesja 1987-2007 er lagt til að Rósaselsvötn verði vernduð sem náttúruminjar. Í frummatsskýrslu kemur fram að í útboðsgögnum verði ákvæði um að takmarka jarðrask utan vegstæðis og að landspjöll verði lagfærð og sáð í vegkanta. Ennfremur að tjarnirnar og nágrenni þeirra verði vernduð fyrir jarðraski á verk tíma.

Fram kemur í frummatsskýrslu að hávaðamengun frá Garðskagavegi verði innan marka reglugerðarákvæða fyrir íbúðarbyggð og að vatnsmengun frá veginum sé óveruleg. Með tilkomu Garðskagavegar færist umferð frá byggð í Keflavík-Njarðvík og mun slyshætta og mengun frá umferð því sennilega minnka þar.

Engar athugasemdir hafa komið fram á frumathugunartíma við legu fyrirhugaðs Garðskagavegar. Sveitarstjórn Gerðahrepps hefur þó gert athugasemdir við þær vegtengingar sem sýndar eru inn á *Garðskagaveg milli hringtorga* og lýst yfir að þeirra sé ekki óskað af þeirra hálfu. Þar er annarsvegar um að ræða tengingu til austurs sem liggur öll, utan fyrstu 60 m, í landi Keflavíkur-Njarðvíkur-Hafna og tengir byggð þar við veginn. Hinsvegar er sýnd möguleg staðsetning vegtengingar til vesturs. Þar er um að ræða hugsanlega staðsetningu framtíðartengingar, en vegna æskilegra fjarlægða milli gatnamóta með tilliti til umferðaröryggis er ekki talið ráðlegt að tengja veg inn á *Garðskagaveg milli hringtorga* annarsstaðar. Umrætt svæði er innan varnarsvæða og gerir Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins, sem er umsagnaraðili um varnarsvæði, hvorki athugasemdir við legu Garðskagavegar né vegtengingar inn á hann.

Flóð

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur bent á flóðahættu í leysingum ofan af Miðnesheiði niður í byggð í Keflavík, samanber fylgiskjal 8 í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu kemur fram að þetta verði haft í huga við fullnaðarhönnun *Garðskagavegar milli hringtorga*.

Efnistaka

Öll efnistaka til vegagerðarinnar er fyrirhuguð úr efnisnámu í Stapafelli.

Tímaáætlun framkvæmda

Bæjarstjórn Sandgerðis og Samvinnunefnd um skipulagsmál Keflavíkur/Njarðvíkur/Hafna hafa gert athugasemdir við áfangaskiptingu framkvæmdarinnar eins og henni er lýst í frummatsskýrslu.

Fornleifar

Þjóðminjasafn Íslands gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina, en minnir á skyldur framkvæmdaraðila samkvæmt þjóðminjalögum ef fornleifar eiga eftir að finnast við framkvæmdirnar.

5. SKIPULAG

Framkvæmdin nær til tveggja sveitarfélaga, Gerðahrepps og sameinaðs sveitarfélags Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna. Sá hluti framkvæmdar sem liggur í Gerðahreppi er allur innan varnarsvæða.

Á aðalskipulagi Keflavíkur-Njarðvíkur-Keflavíkurflugvallar 1982-2002 (staðfest 20. september/12. október 1983) og á svæðisskipulagi Suðurnesja 1987-2007 (samþykkt af skipulagsstjórn ríkisins 3. janúar 1990) er gert ráð fyrir umferðartengingu frá aðkomuvegi að flugstöð Leifs Eiríkssonar til norðurs yfir veg til Sandgerðis og að vegi til Garðs. Lega fyrirhugaðs Garðskagavegar er þó ekki í samræmi við þessar skipulagsáætlanir.

Á varnarsvæðinu innan Gerðahrepps er mælt með afgreiðslu breytingar á veglínu samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. greinar skipulagslaga nr. 19/1964 með síðari breytingum.

Í sameinuðu sveitarfélagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna liggur fyrir tillaga að aðalskipulagi 1995-2015 sem nú er í kynningu samkvæmt 17. grein skipulagslaga. Fyrirhugaður Garðskagavegur er í samræmi við aðalskipulagstillöguna. Innan hins sameinaða sveitarfélags mun breyting á veglínu Garðskagavegar því væntanlega hljóta afgreiðslu með nýju aðalskipulagi Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna 1995-2015 að loknu kynningar- og athugasemdatímabili.

6. ÚRSKURÐARORÐ

Samkvæmt 8. grein laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum og athugasemd.

Fallist er á fyrirhugaða lagningu Garðskagavegar eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu. Annarsvegar er um að ræða *Garðskagaveg milli hringtorga*, sem mun liggja milli Reykjanesbrautar og núverandi vegar til Garðs með tveimur hringtorgum, við Rósaselsvötn og Mánagrund. Hinsvegar *Garðskagaveg-Sandgerði*, veg frá hringtorgi við Rósaselsvötn að Víknavegi til Sandgerðis. Ennfremur undirgöng fyrir umferð hesta og gangandi undir *Garðskagaveg milli hringtorga*.

Minnt er á skyldur framkvæmdaraðila samkvæmt þjóðminjalögum nr. 88/1989 ef fornleifar finnast við framkvæmdirnar.

7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra og rennur kærufrestur út þann 14. september 1995.

Reykjavík 8. ágúst 1995,

Stefán Thors

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir